

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2002/67/EB

2004/EES/56/08

frá 18. júlí 2002

um merkingu matvæla, sem innihalda kínín, og matvæla sem innihalda kaffín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/101/EB ⁽²⁾, einkum 2. og 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Kínín og kaffín er notað við framleiðslu eða tilreiðslu á tilteknum matvælum, annaðhvort sem bragðefni eða sem innihaldsefni ef um kaffín er að ræða. Flestum neytendum mun lítil heilsufarsleg hættu búin af því að neyta þessara efna í hófi.
- 2) Samkvæmt niðurstöðum vísindanefndarinnar um matvæli er ekkert sem mælir gegn því, eiturefnafræðilega séð, að halda áfram að nota kínín upp að tilteknu marki í drykki. Á hinn bóginn kann neysla kíníns að vera óráðleg fyrir tiltekna einstaklinga af læknisfræðilegum ástæðum eða vegna þess að þeir eru með ofnæmi fyrir efninu.
- 3) Í álitinu frá 21. janúar 1999 um kaffín og önnur efni, sem notað eru sem innihaldsefni í „orkudrykki“, ályktaði vísindanefndin um matvæli sem svo, að því er kaffín varðar, að orkudrykkir væru ekki það stór hluti af heildarneyslu kaffíns að ástæða væri til að hafa áhyggjur af neyslu þeirra að því er varðar fullorðna, að undanskildum ófrískum konum, og er þá gert ráð fyrir að orkudrykkir komi í stað annarra kaffingjafa. Aftur á móti, ef um börn er að ræða, getur aukin dagleg kaffínneysla upp að tilteknu marki haft í för með sér tímabundnar breytingar á hegðun, t.d. aukna spennu, pírting, taugaóstyrk eða áhyggjur. Auk þess er það álit nefndarinnar að ef um ófrískar konur er að ræða þá sé þeim ráðlegt að stilla kaffínneyslu í hóf.
- 4) Þessar niðurstöður sýna að þörf er á merkingum sem veita neytandanum skýrar upplýsingar um hvort kínín eða kaffín er til staðar í matvælunum eða ekki, ásamt viðvörðun ef um kaffín er að ræða, og upplýsingum um magn kaffíns sé það yfir tilteknum mörkum í drykkjum sem innihalda ekki kaffín frá náttúrunnar hendi.
- 5) Í tilskipun 2000/13/EB er ekki kveðið á um að skylt sé að taka sérstaklega fram bragðefni í skránni yfir innihaldsefni. Þess vegna getur hent að þótt kínín eða

kaffín séu notað sem bragðefni séu þau ekki skráð undir nafni í skránni yfir innihaldsefni. Auk þess, jafnvel þótt kaffín sé skráð sem slíkt í skrána yfir innihaldsefni, er þess ekki krafist að taka fram hvort það sé í miklu magni.

- 6) Nokkur aðildarríki hafa samþykkt innlenda löggjöf þar sem gert er að skyldu að greina frá því á merkimiðum matvæla ef þau innihalda kínín og/eða kaffín og, í ákveðnum tilvikum, að einnig skuli koma fram magn kaffíns með viðvörðun. Beiting mismunandi löggjafar eftir aðildarríkjum veldur tæknilegum örðugleikum í viðskiptum innan bandalagsins með þau matvæli sem um er að ræða.
- 7) Því er nauðsynlegt, í því skyni að veita öllum neytendum í bandalaginu upplýsingar og auðvelda frjálsa flutninga viðkomandi vara, að leiða í lög samræmd ákvæði sem beita skal í tengslum við matvæli, sem innihalda kínín, og matvæli sem innihalda kaffín. Í þessum ákvæðum skal gerð krafa um lögboðnar upplýsingar á merkimiðanum til viðbótar við þær sem settar eru fram í tilskipun 2000/13/EB.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði þriðja undirlíðar annarrar undirgreinar 6. mgr. 6. gr. í tilskipun 2000/13/EB skal tilgreina kínín og/eða kaffín, þegar það er notað sem bragðefni við framleiðslu eða tilreiðslu matvæla, með nafni í skránni yfir innihaldsefni sem nefnd er í 2. tölulíð 1. mgr. 3. gr. í tilskipun 2000/13/EB, strax á eftir heitinu „bragðefni“.

2. gr.

1. Þegar drykkur, sem er ætlaður til neyslu án breytinga eða eftir að þykkið eða þurrkaða varan hefur verið enduruppleyst, inniheldur kaffín, hvaðan sem það er upprunnið, og hlutfall þess er yfir 150 mg/l ber að setja eftirfarandi texta á merkimiðann þannig að hann beri fyrir augu um leið og heitið á söluvörðunni: „Inniheldur mikið af kaffíni“.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 191, 19.7.2002, bls. 20. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2003 frá 31. janúar 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 19, 10.4.2003, bls. 5.

(¹) Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.

(²) Stjtið. EB L 310, 28.11.2001, bls. 19.

Á eftir þessum texta skal tilgreina, innan sviga og í samræmi við 2. mgr. 13. gr. í tilskipun 2000/13/EB, kaffinnihaldið í mg/100 ml.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um drykki sem gerðir eru úr kaffi, tei eða kaffi- eða tekjarna ef „kaffi“ eða „te“ kemur fyrir sem hluti af heiti söluvörunnar.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu heimila viðskipti með vörur, sem samræmast ákvæðum þessarar tilskipunar, frá og með 1. júlí 2003.

2. Aðildarríkin skulu banna viðskipti með vörur, sem samræmast ekki ákvæðum þessarar tilskipunar, frá og með 1. júlí 2004.

Þó skal heimila vörur, sem uppfylla ekki ákvæði þessarar tilskipunar og voru merktar fyrir 1. júlí 2004, á meðan birgðir endast.

4. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 30. júní 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmda-stjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. júlí 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.